

TILSKIPUN RÁÐSINS 2013/20/ESB

2014/EES/54/76

frá 13. maí 2013

um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði stefnu er varðar öryggi matvæla og heilbrigði dýra og plantna vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

2000/13/EB⁽⁶⁾, 2000/75/EB⁽⁷⁾, 2002/99/EB⁽⁸⁾, 2003/85/EB⁽⁹⁾, 2003/99/EB⁽¹⁰⁾ og 2009/156/EB⁽¹¹⁾ til samræmis við það.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 50. gr. laganna um aðild Króatíu ætti ráðið, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ef þörf er aðlögunar vegna aðildar á gerðum stofnananna frá því fyrir aðild og ekki hefur verið kveðið á um nauðsynlega aðlögun í aðildarlögunum eða í viðaukum við þau, að samþykkja nauðsynlegar gerðir í þessu skyni ef framkvæmdastjórnin samþykkti ekki upphaflegu gerðina.
- 2) Í lokagerð ráðstefnunnar, þar sem aðildarsáttmáli Króatíu var saminn og samþykktur, er tilgreint að hinir háu samningsaðilar hafi náð pólitísku samkomulagi um röð aðlagana á gerðum stofnananna, sem eru nauðsynlegar vegna aðildarinnar, og í henni eru ráðið og framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja aðlaganirnar áður en til aðildar kemur, fullgerðar og uppfærðar ef þörf krefur, með tilliti til þróunar á lögum Sambandsins.
- 3) Því ber að breyta tilskipunum 64/432/EBE⁽¹⁾, 89/108/EBE⁽²⁾, 91/68/EBE⁽³⁾, 96/23/EB⁽⁴⁾, 97/78/EB⁽⁵⁾,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 234. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn,biður birtingar.

(1) Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín (Stjtið. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64)

(2) Tilskipun ráðsins 89/108/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hraðfryst matvæli (Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 34).

(3) Tilskipun ráðsins 91/68/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með sauðfé og geitur (Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 19).

(4) Tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum (Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

(5) Tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum (Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipunum 64/432/EBE, 89/108/EBE, 91/68/EBE, 96/23/EB, 97/78/EB, 2000/13/EB, 2000/75/EB, 2002/99/EB, 2003/85/EB, 2003/99/EB og 2009/156/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en frá þeim degi sem aðild Króatíu að Evrópusambandinu öðlast gildi. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með aðildardegi Króatíu að Evrópusambandinu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(6) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla (Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29).

(7) Tilskipun ráðsins 2000/75/EB frá 20. nóvember 2000 um sérstök ákvæði um eftirlit með og útrýmingu blátungu (Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 74)

(8) Tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýrarkinu til mannelis (Stjtið EB L 18, 23.1.2003, bls. 11).

(9) Tilskipun ráðsins 2003/85/EB frá 29. september 2003 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki (Stjtið. ESB L 306, 22.11.2003, bls. 1)

(10) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB frá 17. nóvember 2003 um vöktun mannsmitanlegra dýrasjúkdóma og smitvalda þeirra (Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31).

(11) Tilskipun ráðsins 2009/156/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra, sem hafa áhrif á flutninga dýra af hestaætt og innflutning þeirra frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 192, 23.7.2010, bls. 1).

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi með fyrirvara um aðildarsáttmála Króatíu og á gildistökudegi hans.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. maí 2013.

Fyrir hönd ráðsins,
S. COVENEY
forseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI

LÖGGJÖF UM ÖRYGGI MATVÆLA

1. Í a-lið 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 89/108/EBE bætist eftirfarandi við á skrána:
„á króatísku: „brzo smrznuto”.
2. Tilskipun 2000/13/EB er breytt sem hér segir:
 - a) Í annarri undirgrein 3. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi í stað skrárinnar sem hefst á „á búlgörsku“ og endar á „bestrálad“ eða „behandlad med joniserande stráling“:
 - á búlgörsku:
„облъчено“ eða „обработено с йонизиращо лъчение“,
 - á spænsku:
„irradiado“ eða „tratado con radiación ionizante“,
 - á tékknesku:
„ozářeno“ eða „ošetřeno ionizujícím zářením“,
 - á dönsku:
„bestrålet“ eða „strålekonserveret“ eða „behandlet med ioniserende stråling“ eða „konserveret med ioniserende stråling“,
 - á þýsku:
„bestrahlt“ eða „mit ionisierenden Strahlen behandelt“,
 - á eistnesku:
„kiiritatud“ eða „töödeldud ioniseeriva kiirgusega“,
 - á grísku:
„επεξεργασμένο με ιονίζουσα ακτινοβολία“ eða „ακτινοβολημένο“,
 - á ensku:
„irradiated“ eða „treated with ionising radiation“,
 - á frönsku:
„traité par rayonnements ionisants“ eða „traité par ionisation“,
 - á króatísku:
„konzervirano zračenjem“ eða „podvrgnuto ionizirajućem zračenju“,
 - á ítölsku:
„irradiato“ eða „trattato con radiazioni ionizzanti“,
 - á lettnesku:
„apstarots“ eða „apstrādāts ar jonizējošo starojumu“,
 - á litháísku:
„apšvitinta“ eða „apdorota jonizuojančiąja spinduliute“,
 - á ungvörsku:
„sugárkezelt“ eða „ionizáló energiával kezelt“,

- á maltnesku:
„ittrattat bir-radjazzjoni“ eða “ittrattat b`radjazzjoni jonizzanti“,
- á hollensku:
„doorstraald“ eða „door bestraling behandeld“ eða „met ioniserende stralen behandeld“,
- á pólsku:
„napromieniony“ eða „poddany działaniu promieniowania jonizującego“,
- á portúgölsku:
„irradiado“ eða „tratado por irradiação“ eða „tratado por radiação ionizante“,
- á rúmensku:
„irradiate“ eða „tratate cu radia ii ionizate“,
- á slóvakísku:
„ošetrené ionizujúcim žiarením“,
- á slóvensku:
„obsevano“ eða „obdelano z ionizirajočim sevanjem“,
- á finnsku:
„säteilytetty“ eða „käsitelty ionisoivalla säteilyllä“,
- á sænsku:
„bestrålad“ eða „behandlad med joniserande strålning“.

b) Í 2. mgr. 10. gr. er eftirfarandi bætt inn í skrána á eftir færslunni á frönsku:

„— á króatísku: „upotrijebiti do“.

B-HLUTI

HEILBRIGÐISLÖGGJÖF UM DÝR OG DÝRAAFURÐIR

1. Í p-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 64/432/EBE bætist eftirfarandi við á skrána:

„— Króatía: županija“.

2. Í b-lið 2. gr. tilskipunar 91/68/EBE bætist eftirfarandi við á skrána undir 14. lið:

„— Króatía: županija“.

3. Eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir þriðju undirgrein 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 96/23/EB:

„Króatía skal, í fyrsta sinn eigi síðar en 31. mars 2014, senda framkvæmdastjórninni niðurstöður úr áætlunum sínum um greiningu á efnaleifum og efnum ásamt varnarráðstöfunum sínum.“

4. Í stað I. viðauka við tilskipun 97/78/EB komi eftirfarandi:

„I. VIDAUKI

YFIRRÁÐASVÆÐI SEM SKRÁÐ ERU Í 1. GR.

1. Yfirráðasvæði Konungsríkisins Belgíu.
2. Yfirráðasvæði Lýðveldisins Búlgaríu
3. Yfirráðasvæði Lýðveldisins Tékklands.
4. Yfirráðasvæði Konungsríkisins Danmerkur, þó ekki Færeyjar og Grænland.

5. Yfirlýðing Sambandslýðveldisins Þýskalands.
 6. Yfirlýðing Lýðveldisins Eistlands.
 7. Yfirlýðing Írlands.
 8. Yfirlýðing Lýðveldisins Grikklands.
 9. Yfirlýðing Konungsríkisins Spánar, þó ekki Ceuta og Melilla.
 10. Yfirlýðing Lýðveldisins Frakklands.
 11. Yfirlýðing Lýðveldisins Króatíu.
 12. Yfirlýðing Lýðveldisins Ítalíu.
 13. Yfirlýðing Lýðveldisins Kýpur.
 14. Yfirlýðing Lýðveldisins Lettlands.
 15. Yfirlýðing Lýðveldisins Litháens.
 16. Yfirlýðing Stórhertogadæmisins Lúxemborgar.
 17. Yfirlýðing Ungverjalands.
 18. Yfirlýðing Möltu.
 19. Yfirlýðing Konungsríkisins Hollands í Evrópu.
 20. Yfirlýðing Lýðveldisins Austurríkis.
 21. Yfirlýðing Lýðveldisins Póllands.
 22. Yfirlýðing Lýðveldisins Portúgals.
 23. Yfirlýðing Rúmeníu
 24. Yfirlýðing Lýðveldisins Slóveníu.
 25. Yfirlýðing Lýðveldisins Slóvakíu.
 26. Yfirlýðing Lýðveldisins Finnlands.
 27. Yfirlýðing Konungsríkisins Svíþjóðar.
 28. Yfirlýðing Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.“
5. Í II. viðauka við tilskipun 2000/75/EB bætist eftirfarandi við inn í fyrirsögn A-hluta á eftir færslunni „LABORATOIRE COMMUNAUTAIRE DE RÉFÉRENCE POUR LA FIÈVRE CATARRHALE DU MOUTON“:
- „REFERENTNI LABORATORIJ ZAJEDNICE ZA BOLEST PLAVOG JEZIKA“.

6. Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2002/99/EB er breytt sem hér segir:

a) Í fyrsta undirlið 2. liðar bætist eftirfarandi ISO-kóði við á eftir kóðanum „GR“:

„HR“.

b) Í þriðja undirlið 2. liðar bætast eftirfarandi upphafsstafir við:

„EZ“.

7. Í XI. viðauka við tilskipun 2003/85/EB bætist eftirfarandi við inn í töfluna í A-hluta á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„HR	Króatía	Hrvatski veterinarski institut, Zagreb	Króatía“
-----	---------	--	----------

8. Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/99/EB komi eftirfarandi:

„Eigi síðar en í maílok ár hvert skal hvert aðildarríki senda framkvæmdastjórninni, í fyrsta skipti fyrir maílok 2008 að því er varðar Búlgaríu og Rúmeníu og í fyrsta skipti fyrir maílok 2014 að því er varðar Króatíu, skýrslu um leitni og upptök sjúkdóma sem berast milli manna og dýra, smitvalda sjúkdóma sem berast milli manna og dýra og þols gegn sýkingalyfjum, sem inniheldur gögnin sem safnað er skv. 4., 7. og 8. gr. á næstliðnu ári. Gera skal skýrslur og samantektir úr þeim aðgengilegar öllum.“

9. Í stað inngangsorðanna í fyrstu undirgrein 6. mgr. 4. gr. tilskipunar 2009/156/EB komi eftirfarandi:

„Ef aðildarríki gerir eða hefur gert valfrjálsta eða skyldubundna varnaráætlun vegna sjúkdóms, sem dýr af hestaætt eru smitnæm fyrir, er því heimilt að leggja áætlunina fyrir framkvæmdastjórnina innan sex mánaða frá: 4. júlí 1990 að því er varðar Belgíu, Danmörku, Þýskaland, Írland, Grikkland, Spán, Frakkland, Ítalíu, Lúxemborg, Holland, Portúgal og Bretland, frá 1. janúar 1995 að því er varðar Austurríki, Finnland og Svíþjóð, frá 1. maí 2004 að því er varðar Tékkland, Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Ungverjaland, Möltu, Pólland, Slóveníu og Slóvakíu, frá 1. janúar 2007 að því er varðar Búlgaríu og Rúmeníu og frá 1. júlí 2013 að því er varðar Króatíu, þar sem einkum kemur fram:“.